

L Ö G

um

viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 19. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnu-
félög, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til
félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnu-
samböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnu-
sambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir
nánar ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.